

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10

101 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2022

**Umsögn Félags náms- og starfsráðgjafa um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 592. mál.**

**Þingskjal 834 — 592. mál.**

**Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS)** fagnar því að framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda fyrir árin 2022–2025 sé í bígerð og áhersla verði lögð á fimm stoðir, þ.e. samfélagið, fjölskylduna, menntun, vinnumarkað og flóttafólk. Málefnasvið náms- og starfsráðgjafar snerta allar þessar stoðir með megináherslu á menntun og vinnumarkað.

FNS kemur fram með eftirfarandi ábendingar og tillögur:

### **1 Samfélagið - stefnumótun**

FNS er sammála þeirri áherslu sem verður lögð til grundvallar skýrri og heildstæðri langtímastefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningar og horfir sérstaklega til menntunar og atvinnuþátttöku og tengsl við aðgengi að faglegri náms- og starfsráðgjöf veitt af þar til bærum sérfræðingum, náms- og starfsráðgjöfum. Á alþjóðavettvangi í náms- og starfsráðgjöf hefur sérstaklega verið horft til félagslegs réttlætis og aðgengi að menntun og atvinnu þegar kemur að málefnum innflytjenda og flóttamanna.

FNS telur að fulltrúi þess eigi erindi í starfshóp um mótun grænbókar sem hluta af stefnumótunarferli stjórnvalda. FNS býr yfir faglegri þekkingu og upplýsingum sem gætu gagnast í því ferli og þegar kemur að samráði við samstarfsaðila

**1.2** FNS telur að stofnun ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur sé vel til þess fallin að halda utan um upplýsingaþörf innflytjenda og þar muni verða nauðsynlegt að veita náms- og starfsráðgjöf af þar til bærum sérfræðingum til að leiðbeina og upplýsa um fjölbreytt tækifæri til menntunar, eflingu hæfni og aðgengi að vinnumarkaði.

**1.6.** FNS telur bæði mikilvægt og nauðsynlegt að náms- og starfsráðgjafar leggi fram þekkingu og reynslu þegar kemur að gerð upplýsingaefnis er varða tækifæri til menntunar og starfa. Náms- og starfsráðgjafar eru sérfræðingar á sviði upplýsingamiðlunar um nám og störf og tækifæra til starfsþróunar. Þegar horft er til samstarfsaðila þá starfa náms- og starfsráðgjafar á vettvangi Vinnuálastofnunar og símenntunarmiðstöðva og mikilvægt að nýta þann mannauð sem er fyrir hendi.

**Í liðum 1.2 og 1.6** telur FNS að tvímælalaust eigi að telja upp náms- og starfsráðgjafa sem starfa í menntakerfinu og á vinnumarkaði sem samstarfsaðila

## 2. Fjölskyldan

Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum leika ákveðið lykilhlutverk þegar kemur að velferð og vellíðan barna. Þeir sitja í nemendaverndarráðum og eiga í miklu samstarfi við aðra fagaðila innan og utan skólans. Hér getur náms- og starfsráðgjöf og fagaðilinn, náms- og starfsráðgjafi, verið áframhaldandi hluti af stuðningsneti forráðamanna og foreldra annars vegar og barna hins vegar og veitt stuðning til aðlögunar.

### 2.2. Ungmenni af erlendum uppruna sem eru hvorki í vinnu né í námi (NEET).

Eitt af þeim stóru málefnum sem koma á borð náms- og starfsráðgjafa í menntakerfinu, í bæði grunn- og framhaldsskólum er brotthvarf úr námi og hvernig börn og ungmenni takast á við erfiða stöðu í námi.

Náms- og starfsráðgjafar eru oft fyrsti viðkomustaður þeirra sem að eru í brotthvarfshættu. Þeir hafa margir hverjir sérhæft sig í aðferðafræði til að draga úr brotthvarfshættu og fyrirbyggjandi eru íslenskar rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar um brotthvarf og hvernig megi sporna við því.

Fyrir nákvæmni sakir og af faglegum ástæðum teljum við rétt að í þingsályktunartillögunni um framkvæmdaáætlun og í undirgreinum þess sbr. 2.2.4. verði talað um náms- og starfsráðgjafa. Náms- og starfsráðgjafi er lögverndað starfsheiti (lög nr.35/2009). FNS leggur því til að eftirfarandi orðalagi í 2.2.4 um samstarfsaðila verði breytt, sjá breiðletrun.

2.2.4. *Dæmi um samstarfsaðila:* Mennta- og barnamálaráðuneytið, Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, innflytjendaráð, sveitarfélög, skólar og náms- og starfsráðgjafar, UMFÍ, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og aðilar vinnumarkaðarins.

## 2.6 Ofbeldi

FNS telur mikilvægt að skilgreina náms- og starfsráðgjafa sem sérfræðinga í nærþjónustu og hafi þar með aðgang að námskeiðum um flóknar birtingarmyndir ofbeldis sbr. 2.6.2. Náms- og starfsráðgjafar eiga í samskiptum við börn og ungmenni og fjölskyldu/aðstandendur þeirra og verða að sinna tilkynningarskyldu til barnaverndar þegar alvarleg mál koma upp.

Hér er því lagt til að náms- og starfsráðgjöfum verði bætt við í upptalningu í lið 2.6.2.b

## 3. Menntun

Í þessum kafla þingsályktunartillögunnar kristallast eitt af markmiðum náms- og starfsráðgjafar sem er að einstaklingar finni þekkingu, hæfni og færni sinni farveg sem styður þá við samfellu náms og yfirfærslu á vinnumarkaðinn. Mikilvægt er að horfa til náms- og starfsþróunar ævina alla og að einstaklingur finni sér stað innan samfélags og leggi sitt af mörkum.

### 3.1, 3.2 og 3.6 Mat á fyrri þekkingu og menntun, raunfærnimat fyrir innflytjendur

Hér getur sérhæfð þekking og reynsla náms- og starfsráðgjafa komið að notum. Þegar horft er til mats á fyrri þekkingu getur náms- og starfsráðgjafi verið hluti af stuðningsteymi nemandans þegar næstu skref eru stigin.

Hvað raunfærnimat varðar þá hafa náms- og starfsráðgjafar sem starfa á vettvangi símenntunar og framhaldsfræðslu sérhæft sig í því og hér er einnig vísað til þeirrar forystu sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sýnt er varðar uppbyggingu þekkingar og færni á sviði raunfærnimats og tengsl við náms- og starfsráðgjöf. Ef ætlunin er að koma upp raunfærnimati á framhaldsskólastigi þá þyrfti að tryggja þjálfun og leikni náms- og starfsráðgjafa ásamt því að tryggja viðhlítandi fjármagn til að koma

til móts við aukin verkefni þeirra og horfa til fjölgunar á stöðugildum. Þess má geta að þróunarverkefni hefur verið í gangi hjá Háskóla Íslands er varðar raunfærnimat á háskólastigi. Um er að ræða raunfærnimat til styttingar B.Ed náms í leikskólakennarafræðum. Þar koma náms- og starfsráðgjafar meðal annars að því verklagi.

Að lokum:

Hér er um metnaðarfulla framkvæmdaáætlun að ræða þar sem margvíslegir aðilar í samfélaginu taka höndum saman við að skapa rými fyrir fjölbreytileika í íslensku samfélagi og atvinnulífi með því að styðja við innflytjendur þannig að þeir finni sér stað hér á landi.

Að mati FNS þá er náms- og starfsráðgjöf mikilvæg í hverju samfélagi og aðgengi að þar til bærum sérfræðingum, náms- og starfsráðgjöfum, nauðsynleg. Náms- og starfsráðgjöf er lögbundin í bæði grunn- og framhaldsskólum<sup>1</sup>. Hér vill FNS benda á að nokkur misbrestur er á að ákvæðum laga um rétt nemenda til náms- og starfsráðgjafar sé fylgt og þegar að kemur að því að þjónusta og sinna hópi innflytjenda verður að vera til staðar nægilegur mannauður. Af því leiðir að fjölga þarf stöðugildum náms- og starfsráðgjafa til að geta sinnt þessum hópi af kostgæfni og tryggja gæði þjónustunnar.

Félag náms- og starfsráðgjafa lýsir sig reiðubúið til samstarfs.

Virðingarfyllt,

Félag náms- og starfsráðgjafa

Jónína Kárdal, formaður



---

<sup>1</sup> 91/2008: Lög um grunnskóla | Lög | Alþingi (althingi.is) 92/2008: Lög um framhaldsskóla | Lög | Alþingi (althingi.is).